

Fundargerð 301.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 15. október 2025 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Sverre Jakobsson og Pröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu og send til samþykktar með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

1. Dysnes.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi Dysnes.

2. Torfunefsbyggja.

Hafnarstjóri fór yfir stöðu mála varðandi framkvæmdir á Torfunefsbyggju.

3. Fjárhagsáætlun HN fyrir árið 2026, síðari umræða.

Fjárhagsáætlun 2026 tekin til síðari umræðu. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 1.391 mkr., og rekstrargjöld verði 1.028 mkr án fjármagnsliða. Hagnaður eftir fjármagnsliði og afskriftir er áætlaður 423 mkr. Stjórn HN samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun fyrir árið 2026.

4. Framkvæmdaáætlun HN fyrir árið 2026, síðari umræða.

Framkvæmdaáætlun HN fyrir árið 2026 tekin til síðari umræðu. Helstu verkefni eru áframhaldandi vinna við Torfunefsbyggju og Dysnes auk nýbyggingar á nýrri aðstöðuskemmu fyrir starfsemi hafnarinnar. Einnig eru minni verk m.a. verk sem stuðla að betri móttöku ferðamanna. Hlutur HN í verkunum er áætlaður 643,2 mkr. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu.

5. Gjaldskrá HN fyrir árið 2026.

Hafnarstjóri lagði fram tillögu að gjaldskrárbreytingu frá 1. janúar 2026. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu.

6. Innganga Hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar í Hafnasamlag Norðurlands bs.

Borist hefur ósk frá Hafnasjóði Dalvíkurbyggðar um að endurvekja viðræður sem hófust árið 2023 um mögulega inngöngu hafnasjóðs Dalvíkurbyggðar í Hafnasamlag Norðurlands bs. Þegar hefur verið haldinn einn fundur milli stjórnar HN og fulltrúa byggðaráðs og Veitu- og Hafnaráðs Dalvíkurbyggðar. Stefnt er að frekari gagnaöflun og frekari fundarhöldum á næstu vikum.



7. Önnur mál.

- a. Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 17.50